

Ágætu nemendur.

Þá er janúar brátt á enda og við tekur vonandi bjartari tími.

Við höfum rekið blandað kerfi stað- og fjarnáms í þrjár vikur við góðan orðstýr. Mér hefur heyrst á bæði kennurum og nemendum að kennslan og námið hafi gengið vel. Komin sé góð rútína á nemendum og kennarar hafi verið vel undir það búinir að fara úr hreinni fjarkennslu yfir í hið blandaða kerfi. Þetta hefur kostað mikla fyrirhöfn og í mörgum tilvikum streitu og skiljanlega pírting þegar Innan hefur klikkað í miðjum klíðum. En yfirleitt hefur starfið gengið vel og ég tel okkur vera á góðri siglingu. Í næstu viku verður áfram tvöfalt kerfi staðnáms og fjarnáms.

Undanfarnar vikur hefur smitum af völdum Coronu-veirunnar verið að fækka bæði innanlands og á landamærum. Það hefur gefið okkur vonir um að fram undan séu betri tímar. Nokkrir framhaldsskólar tóku upp fullt staðnám strax í upphafi vorannar (MR, Versló, BHS, MS o.fl.) á meðan aðrir hafa kosið að fara hægar í sakirnar (FB, Flensbor g, Kvennó, MH o.fl.) Frá og með síðasta mánudegi fylgdu fleiri skólar í kjölfarið með fullt staðnám og á næsta mánudag mun MH gera slíkt hið sama. Húsnæðið hér í Kvennó hefur sett okkur þröngar skorður. Margar kennslustofur eru of litlar til þess að þar sé unnt að hafa heila bekki með eins metra bili á milli borða o.s.frv. Af þeim sökum höfum við farið hægar í sakirnar en ef aðstæður væru betri að þessu leyti.

Nú hefur verið ákveðið að taka upp fullt staðnám hér í Kvennó frá og með mánudeginum 8. febrúar, að liðinni næstu viku. Þessi ákvörðun er þó tekin með þeim fyrirvara að smitum af völdum Coronu-veirunnar fjölgi ekki í millitíðinni og sóttvarnareglur verði ekki hertar. Verður miðað við að hver bekkur verði í sinni stofu eins og nú er. Nemendur munu engu að síður geta sótt tíma í valáföngum. Ekki verður boðið upp á þjónustu mötuneytis að svo stöddu en nemendum verður síðar gert kleift að kaupa samlokur, pastabakka o.fl í skólanum en ykkur er heimilt að snæða inni í kennsl ustofum á meðan 30 manna fjöldatakmarkanir eru í gildi.

Þið munuð fá upplýsingar um stofutöflur sendar í tölvupósti í næstu viku auk þess sem nauðsynlegar upplýsingar verða á heimasíðu skólans.

Þetta kerfi verður keyrt vikuna 8.-12. febrúar og mánudaginn 15. til reynslu. Þriðjudaginn 16. febrúar fara fram valkynningar og á miðvikudeginum 16. febrúar hefjast Tjarnardagar. Kennsla hefst aftur mánudaginn 22. febrúar. Okkur gefst þá tækifæri í millitíðinni til þess að meta hvernig til hefur tekist, taka mið af stöðu faraldursins, bæta úr því sem betur má fara o.s.frv.

Það er sannarlega tilhlökkunarefni að skólastarfið fari brátt að líkjast því sem áður var þó að skrefið að því marki verði ekki stigið til fulls að þessu sinni. Það fer eftir því hvernig Covid-faraldurinn þróast og vonandi þannig að skólastarfið verði tryggt og sveigjanleikinn aukist jafnt og þétt.

Mikilvægt er að við hegðum okkur í samræmi við þær sóttvarnareglur sem í gildi eru hverju sin ni. Ég get ekki annað en hrósað ykkur fyrir hve dugleg þið hafið verið að fara eftir reglunum fram að þessu. Við treystum því að svo verði áfram.

Sem sagt; blandað kerfi verður í næstu viku en 8. febrúar hefst fullt staðnám með þeim fyrirvörum sem að framan greinir.

Gangi ykkur vel og góða helgi,

Hjalte Jón, skólameistari